

## Fjölskylduráð 18.maí 2018

### Dagþjálfunarúrræði í Drafnarhúsi

Alzheimer er algengasti minnissjúkdómur hjá einstaklingum eldri en 65 ára. Algengi sjúkdómsins á Íslandi gæti verið frá 3.500 – 4.500 manns (ef stuðst er við bandarísk viðmið). Fjöldi Íslendinga með Alzheimer árið 2050 gætu verið 13.200 einstaklingar ef framreikningur stenst og engin lækning finnst.

Í janúar 2018 var fjöldi hafnfirðinga 65 ára og eldri 3.533 einstaklingar. Af þeim gætu um 250 verið með heilabilun, greindan sjúkdóm eða ekki. Að svo margir einstaklingar í Hafnarfirði gætu verið með Alzheimer þýðir ekki að þeir þurfi allir að koma í dagþjálfun strax eftir greiningu.

Drafnarhús er dagþjálfun fyrir fólk með heilabilun. Dagþjálfunin er rekin af FAAZ (félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimer sjúkra og annarra skyldra sjúkdóma). Drafnarhús tók til starfa í janúar 2006.

### Staðan í dag:

Drafnarhús hefur leyfi fyrir 22 pláss í dagþjálfuninni. Alls 27 einstaklingar eru skráðir í dagþjálfunina, sumir koma alla daga en aðrir tvo - þrjá daga í viku. Af þeim 27 einstaklingum sem eru í dagþjálfun, eru sex með lögheimili í Garðabæ, þar af tveir sem eru fæddir og aldir upp í Hafnarfirði.

Aldursdreifing í Drafnarhúsi 2017 var frá 55 ára – 95 ára.

Þrettán innrituðust og fjórtán útskrifuðust 2017 og er það óvenju lítil hreyfing. Meðal dvalartími í Drafnarhúsi er ca tvö ár. Meðaltími á biðlista er um 21 mánuður.

### Biðlistinn:

Minnismóttakan á Landakoti tekur við umsóknum í dagþjálfun. Sameiginlegur biðlisti er fyrir átta slíkar starfsstöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Einstaklingar eru ekki settir á biðlista eftir dagþjálfun fyrr en þeir eru í þörf fyrir sértækt dagþjálfunar úrræði.

Það eru í dag 26 hafnfirðingar á biðlista eftir dagþjálfun, í þessum hópi er 21 í forgangi 1 og fimm einstaklingar í forgangi 2. Alls eru 52 einstaklingar af höfuðborgarsvæðinu á biðlista eftir dagþjálfun í Drafnarhúsi. Á höfuðborgarsvæðinu öllu eru 190 einstaklingar á biðlista eftir dagþjálfun, 153 í forgangi 1 og 37 í forgangi 2.



## HAFNARFJÖRÐUR

Til þess að mæta þörf þeirra 26 hafnfirðinga sem nú eru á biðlista eftir dagþjálfun þyrfti að auka þjónustuna og fjölga plássum úr 22 eins og nú er í ca 44 pláss.

### Útskýringar:

Forgangur 1, einstaklingur er í þörf fyrir sértækt úrræði og er tilbúin að fara í dagþjálfun.

Forgangur 2, ekki tilbúnir að koma núna, hafa afþakkað pláss en aðstandendur vilja að þeir séu á biðlista.

**Samantekt: Sjöfn Guðmundsdóttir, verkefnastjóri heimaþjónustu**